

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Fundargerð 119. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis, föstudaginn 26. október 2018 kl: 15:00, haldinn á skrifstofu eftirlitsins. Mætt voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Jón Reynir Sigurvinsson, Sólrún Geirsdóttir, Eva Dögg Jóhannesdóttir, Einar Valur Kristjánsson og Jón Hörður Eliasson var í stöðugu símasambandi

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2019
2. Umræður um gjaldskrá
3. Umsagnir Sveitarfélög
4. Skipulagsmál umsagnir
5. Mál úr eftirlitinu
6. Matvælastofnun
7. Umhverfisstofnun
8. Ráðuneyti
9. Starfsleyfi fyrirtækja
10. Tímabundin starfsleyfi vegna niðurrifs
11. Tóbaksöluleyfi
12. Umsagnir til sýslumanns vegna veitinga og gistinga
13. Tækifærisleyfi, umsagnir til sýslumanns
14. Önnur mál
15. Fundadagsetningar, tillaga.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Heilbrigðisfulltrúi lagði fram fjárhagsáætlun og drög að kostnaðarskiptingu fyrir árið 2019.
Heilbrigðisnefnd samþykkir framkomna fjárhagsáætlun og felur heilbrigðisfulltrúa að kynna hana fyrir sveitarfélögum.

2. Gjaldskrá: Heilbrigðisfulltrúa falið að vinna nýja gjaldskrá og leggja fram á næsta fundi, eftir þeim línnum sem um var rætt á fundinum.

3. Umsagnir Sveitarfélög

Sorphirðusamþykkt í Ísafjarðarbæ 2018. Heilbrigðisfulltrúi lagði fram til kynningar nýja sorphirðusamþykkt fyrir Ísafjarðarbæ. **Heilbrigðisnefnd samþykkir framkomna samþykkt.**

4. Skipulagsmál umsagnir kynnt

a) Ákvörðun um matsáætlun. Vestfjarðarvegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63) Frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðarvegi á Dynjandisheiði í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ.

b) Deiliskipulag Flókalundar, hótél í Vatnsfirði Vesturbyggð

- c) Ákvörðun um matsskyldu. Stækkun hótels Flókalundar, Vesturbyggð
- d) Umsögn heilbrigðiseftirlits vegna deiliskipulagstillögu fyrir Hótel Flókalund
- e) Umsögn um Endurskoðun aðalskipulags Vesturbyggðar Lýsing
- f) Umsögn um deiliskipulag íbúðarbyggðar og ofanflóðavarnargarða Urðir- Mýrar
- g) Umsögn um aðalskipulag Dunhaga Tálknafirði
- h) Umsögn heilbrigðiseftirlits vegna breytingar á deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði í landi Gileyrar og Eysteinseyrar Tálknafirði

5. Mál úr Eftirlitinu **kynnt**

- a) Minnisþingur úr umhverfiseftirliti heilbrigðiseftirlits í ágúst og september 2018 Bolungarvík.
- b) Skeljungur 2015 niðurrif á Olíubirgðastöð Bolungarvík umsögn Umhverfisstofnunar.
- c) N1 Reykhólum Þykktar og Þrýstiprófanir
- d) Sigvatnssýni Vatneyrarhlíð, Patreksfirði

6. Matvælastofnun **kynnt**

- a) Viðbrögð stjórnvalda við örverumenguðu drykkjarvatni vinnuferill og suðuleiðbeiningar og upplýsingar til almennings.
- b) Fréttatilkygning úttekt á eftirliti með aukaafurðum dýra
- c) Fréttatilkygning Leyfi til laxeldis í Patreksfirði og Tálknafirði felld úr gildi
- d) Sýnataka af kjöti á markaði athugasemdir ESA
- e) Leiðbeiningar Eftirlit með varnarefnaleyfum í matvælum
- f) Greinargerð starfshóps um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi
- g) Innköllun vegna sojasósu Datu puti Víetnam market
- h) Innköllun á Delicata Brasilíuhnetum þar sem aflatóxín greindist yfir mörkum
- i) Fundargerð Matvælahópur 11.6 (5. fundur)
- j) Innköllun á núðlum
- k) Fréttatilkygning hátt magn alkaóíða í kamillutei Rema 1000
- l) Sýklalyfjanotkun og -ónæmi 2017 Fréttatilkygning
- m) Innköllun Galli í dósun undir fiskbúðing Ora
- n) Innköllun Málmleifar í Goji berjum
- o) Innkallanir Efni með lyfjavirkni í tei
- p) Innköllun markaðsetning á heimaslátruðu lambakjöti
- q) Innköllun ómerktar möndlur í granóla morgunkorni
- r) Innköllun á Síríus rjómasúkkulaði með saltlakrísflögum og sjávarsalti-ómerktar heslihnetur
- s) Eftirlitsverkefni með *Listeria Monocytogenes* Matvæli tilbúin til neyslu
- t) Minnisblað um framtíðarutanumhald með heilbrigðisvottun skipa samkvæmt Alþjóða heilbrigðisreglugerðinni

7. Umhverfisstofnun **kynnt**

- a) Samráðsfundur Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga 2018 varðandi framkvæmd efnaeftirlits
- b) Tillögur Umhverfisstofnunar að breytingum á efnalögum nr. 61/2013

- c) Leiðrétting Páls vegna fundargerðar Efnavöruteymis
- d) Vinnuhópar UST og HES tillögur að verkefnum 2019
- e) Umhverfisstofnun álit vegna niðurrifs olúgeyma Skeljungs í Bolungarvík
- f) Námskeið um olíumengun stranda og hreinsunaraðgerðir
- g) Svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs
- h) Hollustuhópur fundargerð 27.08
- i) Eftirlit Ust 29.09 Hjá Arctic Sea Farm hf Ísafjarðardjúpi
- j) Haustfundur Hollustuháttahóps á Ísafirði 13-14 september 2018
- k) Fundargerð fundar um efna, eftirlits og veiðistjórnunar teymi

8. Ráðuneyti *kynnt*

- a) Niðurstaða starfshóps fyrir heildarendurskoðun reglugerðar 941/2002 um hollustuhætti.
- b) Greinargerð starfshóps um endurskoðun á hollustuhátta reglugerð. Umfjöllun um áhersluatriði. Hlynur situr í hópnum
- c) Höfnun á beiðni Arnarlax ehf vegna undanþágu starfsleyfis
- d) Arnarlax - Ráðuneyti ósk um umsögn UST um andmæli
- e) Artic Sea farm hf beiðni um undanþágu óskað umsagnar Matvælastofnunar.

9. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og lögum um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunar-varnareftirlit nr. 550/2018. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- a) Endurnýjun á starfsleyfi fyrir Nettó Ísafirði
- b) Endurnýjun á starfsleyfi fyrir Hlíf, Torfnesi Ísafirði
- c) Mamma Nina Austurvegi 1, Ísafirði veitingastaður í flokki III
- d) Ísófit ehf, Sindragata 11, Ísafirði fyrir líkamsræktarstöð

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 og reglugerð um hollustuhætti nr.941/2002. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- a) Starfsleyfi fyrir sölu á fæðubótaefnum Petrína Sigrún Helgadóttir Brunnum 18, Patreksfirði
- b) Starfsleyfi Félag um stofnun lýðháskóla á Flateyri
- c) Starfsleyfi fyrir Sigtún 4, 450 Patreksfirði Margrét Brynjólfsdóttir Gististaður í flokki II

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr.

550/2018 og reglugerð um hollustuhætti nr.941/2002. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- a) Suðurverk hf fyrir vinnubúðir og mótuneyti, viðgerðaraðstaða fráveitumannvirki, steypustöð, olíuafgreiðsla.

10. Tímabundin starfsleyfi vegna niðurrifs

Tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrif á söluskála N1 Hólmavík

11. Tóbaksöluleyfi

- a) Smásöluverslun Jóns Guðbjörns, Litla-Ávík

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu allra ofangreindra starfsleyfa.

12. Umsagnir til sýslumanns vegna veitinga og gistinga

Umsögn um Rekstrarleyfi fyrir Agata ehf

Umsögn um rekstrarleyfi fyrir Sigtún 4, 450 Patreksfirði Margrét Brynjólfsdóttir

13. Tækifærisleyfi, umsagnir til sýslumanns

- a) Umsögn Tækifærisleyfi félagsheimili Patreksfjarðar Kúttmagakvöld Lions 13. október
- b) Umsögn um Tækifærisleyfi Félagsheimilið Bíldudal árshátíð 20. október
- c) Umsögn um tækifærisleyfi vegna Félagsheimilið Þingeyri-Hjónaball 3. nóvember
- d) Félagsheimili Oddfellowa 27.10 tækifærisleyfi. Umsögn

14. Önnur mál

- a) Minnispunktar framkvæmdastjórafunda í Reykjavík
- b) SHÍ Stjórnarfundur 16. október
- c) Aðalfundur SHÍ haldinn þann 5. september
- d) SHÍ dagskrá á Haustfundadögum 16 og 17 október 2018
- e) Fréttabréf FHU

• Fundadagsetningar 2018: Drög

- | | | |
|-----------|-------------|-----------------|
| 5. fundur | 26. október | Fjárhagsáætlun. |
| 6. fundur | 7. desember | Viðbrögð |

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:08